

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2016/55**2016/EES/44/26****frá 19. janúar 2016**

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 að því er varðar tiltekin bragðefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshaetti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBC) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 11. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmæðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾, einkum 5. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er sett fram skrá Sambandsins yfir bragðefni og grunnefni til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012⁽³⁾ var samþykkt skrá yfir bragðefni og var sú skrá færð inn í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008.
- 3) Uppfæra má skrána í samræmi við sameiginlegu málsmæðferðina sem um getur í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar aðildarríkis eða hagsmunaaðila.
- 4) A-hluti skrár Sambandsins inniheldur bæði bragðefni, sem hafa verið metin, þar sem engar neðanmálsgreinar eru settar við þessi efni og einnig bragðefni, sem verið er að meta, sem eru auðkennd með neðanmálsgreinum 1 til 4 í skránni.
- 5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) hefur lokið matinu á 5 efnunum sem eru sem stendur skráð sem bragðefni sem verið er að meta. Matvælaöryggisstofnunin mat þessi bragðefni í eftirfarandi mati á hópi bragðefna: mat FGE.12rev5⁽⁴⁾ (efni með FL-númer 07.041 og 07.224), FGE.63rev2⁽⁵⁾ (efni með FL-númer 07.099 og 07.101) og mat FGE.312⁽⁶⁾ (efni með FL-númer 16.126). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að þessi bragðefnin teljist ekki hafa öryggisvanda í för með sér miðað við áætlað inntekið magn með fæðu.
- 6) Matvælaöryggisstofnunin gerði, sem hluta af mati sínu, athugasemdir við forskriftir nokkurra af þessum efnunum. Athugasemdirnar tengjast nöfnum, hreinleika eða samsetningu eftirfarandi efna með FL-númerin: 07.041, 07.224 og 07.099. Þessum athugasemendum ætti að bæta við skrána.
- 7) Skrá Sambandsins, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1334/2008, er eingöngu ætluð til að setja reglur um notkun bragðefna sem er bætt við matvæli til að gefa eða breyta ilmi og/eða bragði. Efni [FL-númer: 16.126] má einnig bæta við matvæli í öðrum tilgangi en sem bragðefni og um slíka notkun gilda áfram aðrar reglur. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um notkunarskilyrði sem varða eingöngu notkun á efninu sem bragðefni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóri. ESB L 13, 20.1.2016, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2016 frá 3. júní 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilagar reglugerðir, staðlar, þrófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjóri. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

(2) Stjóri. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 872/2012 frá 1. október 2012 um samþykkt skrárinnar yfir bragðefni, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2232/96, og upptökum hennar í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 og um niðurfellingu reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1565/2000 og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/217/EB (Stjóri. ESB L 267, 2.10.2012, bls. 1).

(4) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 11(12), 3911.

(5) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 11(4), 3188.

(6) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2013 11(10), 3404.

- 8) Bragðefnin, sem metin voru í þessu mati, ætti að skrá sem metin efni með því að eyða tilvísununum í neðanmálgreinar 1 og 2 í viðkomandi færslum í skrá Sambandsins.
- 9) Því ætti að breyta A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMPYKKT REGLUGERÐ PEPPA:

I. gr.

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. janúar 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIDAUKI

Ákvæðum A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 07.041 komi eftirfarandi:

,07.041	beta-isómetýljónón	79-89-0		650	Blanda af E/Z-hverfum (50–70% (E) og 30–50% (Z))		EFSA [“]
---------	--------------------	---------	--	-----	--	--	-------------------

2) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 07.099 komi eftirfarandi:

,07.099	6-metylhepta-3,5-dien-2-ón	1604-28-0		1134	11143	Blanda af E/Z-rúmverfum: 60–90% (E)		EFSA [“]
---------	----------------------------	-----------	--	------	-------	-------------------------------------	--	-------------------

3) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 07.101 komi eftirfarandi:

,07.101	4-metylpent-3-en-2-ón	141-79-7		1131	11853			EFSA [“]
---------	-----------------------	----------	--	------	-------	--	--	-------------------

4) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 07.224 komi eftirfarandi:

,07.224	trans-1-(2,6,6-trimetýl-1-sýklóhexen-1-yl)bút-2-en-1-ón	23726-91-2			Að minnsta kosti 90%; efniþættir í minna magni: 2–4% α-damaskón og 2–4% δ-damaskón			EFSA [“]
---------	---	------------	--	--	--	--	--	-------------------

5) Í stað færslunnar fyrir FL-númer 16.126 komi eftirfarandi:

,16.126	3-[(4-aminó-2,2-dioxít-1H-2,1,3-bensófiadasín-5-yl)oxy]-2,2-dimetýl-N-propýlpropanamið	1093200-92-0		2082	Takmarkanir á notkun sem bragðefni: Í flokki 1 – hámark 3 mg/kg. Í flokki 3 – hámark 5 mg/kg. Í flokki 5 – hámark 15 mg/kg. Í flokki 5,3 – hámark 30 mg/kg. Í flokki 5,4 – hámark 10 mg/kg. Í flokki 6,3 – hámark 15 mg/kg. Í flokki 7 – hámark 10 mg/kg. Í flokki 12 – hámark 10 mg/kg. Í flokki 14,1 – hámark 5 mg/kg. Í flokki 16, að undanskildum vörur sem falla undir flokka 1, 3 og 4 – hámark 5 mg/kg.			EFSA [“]
---------	--	--------------	--	------	--	--	--	-------------------